

## Fundargerð 498

Miðvikudaginn 5. maí 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AP) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrunn Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 6), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Heiðbrá Ólafsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 13:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. ...
3. Uppfært áhættumat Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Endurskoðun jafnréttisstefnu Byggðastofnunar - til afgreiðslu
5. Framfylgd jafnréttisstefnu Byggðastofnunar - til kynningar
6. Áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs 2021 - til kynningar
7. Staða sveitarfélaga sem fengu sérstakan stuðning vegna hruns í ferðaþjónustu - til kynningar
8. Úthlutun úr Byggðarannsóknasjóði 2021 - til afgreiðslu
9. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
10. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 497.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. ...

...

### 3. Uppfært áhættumat Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur uppfært áhættumat Byggðastofnunar skv. 5. gr. laga nr. 140/2018 um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem HÁ kynnti.

Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka voru samþykkt á alþingi þ. 13. desember 2018 og tóku gildi 1. janúar 2019.

Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka til að þekkja deili á

viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til lögbærra yfirvalda vakni grunur um eða verði þeir varir við slíka ólögmdæta starfsemi.

Í því skyni er m.a. kveðið á um það í 1. mgr. 5. gr. laganna að aðilar sem undir lögin falla skuli gera áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Áhættumat skal taka mið af stærð, eðli og umfangi á starfsemi aðila og margbreytileika starfseminnar og vera notað við áhættumiðað eftirlit með samningssamböndum og viðskiptum. Við gerð áhættumatsins skulu aðilar hafa til hliðsjónar áhættumat Ríkislögreglustjóra sem birt var 5. apríl 2019, sbr. 4. gr. pþl. og seinni uppfærslur.

Til máls tóku GP og, KB.

Formaður bar upp uppfært áhættumat Byggðastofnunar um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og var það samþykkt samhljóða.

MaH kom á fundinn.

#### **4. Endurskoðun jafnréttisstefnu Byggðastofnunar - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur tillaga um breytingu á jafnréttisáætlun Byggðastofnunar frá árinu 2018 sem AP kynnti.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlunar um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsfólki þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. ofangreindra laga. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Eru helstu breytingar sem lagðar eru til, og sjá má í meðfylgjandi skjali með breytingum á núverandi jafnréttisáætlun, breytingar sem taka mið af ofangreindum lögum og að leitast er við að hafa orðanotkun kynhlutlausu. Lagt er til að stjórn staðfesti framlagða jafnréttisáætlun Byggðastofnunar með áorðnum breytingum

Til máls tók MBJ.

Formaður bar upp jafnréttisáætlun Byggðastofnunar með áorðnum breytingum og var hún samþykkt samhljóða.

#### **5. Framfylgd jafnréttisstefnu Byggðastofnunar - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framkvæmd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar árið 2020 sem MH kynnti.

Í 7. grein jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem samþykkt var af stjórn stofnunarinnar 25. apríl 2018 segir „7. Útbúnir verði mælikvarðar um áherslur í jafnréttisáætlun og niðurstöður kynntar stjórn stofnunarinnar ár hvert.“ Í Framkvæmdáætlun við Jafnréttisáætlun eru settar fram leiðir að markmiðum, aðgerðir og mælikvarðar þar sem fram kemur hver ber ábyrgð á einstökum aðgerðum og hvernig á að fylgja þeim eftir.

Til máls tóku MBJ og KB.

#### **6. Áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs 2021 - til kynningar**

HP kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 1. árfjórðungs 2021 sem HP kynnti. Eru allir áhættumælikvarðar fyrir utan einn innan þeirra markmiða sem stjórn hefur sett og skýrði hún frávíkið.

Til máls tóku MBJ og GP.

HP vék af fundi

## 7. Staða sveitarfélaga sem fengu sérstakan stuðning vegna hruns í ferðaþjónustu - til kynningar

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

SÁ kynnti úthlutun á styrkjum og stöðu mála í sex sveitarfélögum vegna hruns í ferðaþjónustu. Sveitarfélögin eru Bláskógabyggð, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur, Skútustaðahreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður. Var um að ræða úthlutun á 150 m.kr. sem farið hafa til að styrkja 21 verkefni.

SÁ vék af fundi

## 8. Úthlutun úr Byggðarannsóknasjóði 2021 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um úthlutun úr Byggðarannsóknasjóði, fundargerð stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs með tillögu um styrkveitingar til stjórnar Byggðastofnunar og yfirlit yfir umsækjendur sem AP kynnti.

Byggðarannsóknasjóður hefur þann tilgang að efla byggðarannsóknir og bæta þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum. Styrkir eru veittir til verkefna sem hafa skírskotun til áherslna í byggðaáætlun hverju sinni.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni verði styrkt.

- *Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu*  
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi - 2.500.000,-
- *Náttúruhamfarir og félagsleg seigla*  
Austurbrú ses. - 2.500.000,-
- *Rannsókn á launamun hjúkrunarfræðinga*  
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) - 2.500.000,-
- *Margur er knár þó hann sé smár*  
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi - 2.500.000,-

Til máls tóku HKH og MBJ.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

## 9. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur kort sem sýnir afgreiðslur lánanefndar á lánsúmsóknum og fundargerðir lánanefndar nr. 12/21-17/21 sem AME kynnti.

Til máls tóku KB og GP.

## 10. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun auk yfirlits yfir stöðu rekstrar stofnunarinnar 31. mars sem AÐ kynnti.

Til máls tóku KB og GP.

### 11. Önnur mál

SJ upplýsti að hún viki úr stjórn og þakkaði samstarfið við stjórn og starfsfólk. Aðrir stjórnarmenn og AÐ þökkðu SJ fyrir góð kynni og gott samstarf.

### 12. Næsti fundur

Áætlað er að næsti fundur verði 11. júní nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:53

Magnús Helgason fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir